



Grundarfjarðarbær
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúi
Kristín Þorleifsdóttir
Borgarbraut 16,
350 Grundarfjörður

Stykkishólmi 15. September 2022

Efni: Beiðni um umsögn vegna tillögu að DSK Skerðingsstaða, Grundarfjarðarbæ

Breiðafjarðarnefnd fékk senda beiðni um umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi í landi Skerðingsstaða í Grundarfjarðarbæ. Tillagan hafði áður verið til umsagnar árið 2019 og gerði Breiðafjarðarnefnd umsögn þá.

Breiðafjarðarnefnd hefur farið yfir málið aftur og telur að staða Lárvaðals og verndarsvæðis Breiðafjarðar sé tiltölulega óljóst. Nefndin gerir rök fyrir því að taka Lárvaðal fyrir eins og það sé hlut af verndarsvæði Breiðafjarðar.

Umhverfis- og framkvæmdaskýrsla fyrir Skerðingsstaðir telur fram að „strandlína Breiðafjarðar ligg[er] utan við Lárvaðal, sem er manngert lón, og því munu framkvæmdir á deiliskipulagsvæði hafa lítill áhrif á verndar svæði Breiðafjarðar”¹. Nefndin vil benda á að enn viðist óvissa um hverskonar svæði framkvæmdaland snýst, um land við stöðuvatn eða fjöru sem er verndarð samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar.

Verkfræðistofan Verkís metur það svo að frárænsli frá hótelinu muni ekki skaða lífríki, enda yrði það leyst með a.m.k. rotþró eða sandsíu, sem telst vera tveggja þrepa hreinsun og þar sem um er að ræða **friðlýsta fjöru** þurfi viðkomandi heilbrigðiseftirlit að meta hvort ástæða er til að fara í umfangsmeira hreinsikerfi. Fráveita þyrfti alltaf að uppfylla lög og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Sjá meðfylgjandi skýrslu Verkís.

(Fylgiskjal með fundargerð af 206. fundi skipulags- og umhverfisnefndar, bls. 1)

Náttúrulegt ástand vatnsins styður við að líta á Lárvaðal sem sjávarlón og þar af leiðandi sem hlut af Breiðafirðinum. Rannsókn Hafrannsóknastofnunnar frá ári 2021 sýnir að Lárvaðall er ekki stöðuvatn heldur er tiltölulega mikil selta í vatninu. Selta veltir því að fiskategundir sem hrygna í fersku vatni geta það ekki í Lárvaðli, t.d. bleikja. Rannsóknin sýnir auk þess að „lítið er til af heimildum um

¹ Zeppelin Arkitektar. (2022). *Hótel á Skerðingsstöðum í Eyrarsveit. Umhverfis- og framkvæmdaskýrsla vegna deiliskipulag á Skerðingsstöðum.*

<https://www.grundarfjordur.is/static/files/Byggingarfulltrui/Deiliskipulag/skerdingsstadir-umhverfis-og-framkvaemdarskyrsla-090722.pdf>, bls. 18.




BREIÐAFJARÐARNEFND

smádýralíf í Lárós en þó hafa þar fundist ýmis botndýr, t.d. rykmý, marflær og samlokur². Bæði marflær og samlokur eru sjávardýr sem virðast dafna í vatninu þrátt fyrir stíflun þess. Þar sem selta í vatninu er tiltöluleg er hægt að gera rök fyrir því að líta á Lárvaðal sem sjávarlón með Ísalt vatn. Ísalt vatn er vatn sem er saltara en ferskvatn en ekki eins salt og sjór, það getur myndast þegar sjór blandast ferskvatni t.d. við árósa.

Náttúrufræðistofnun skilgreinir Lárvaðal sem sjávarlón og hlut af Breiðafirðinum³. Sjávarlón samkvæmt skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar eru sjö á verndarsvæði Breiðafjarðar. Þessi tala sýnir að sjávarlón eru fá og vistkerfi þeirra sjaldgæf. Sjávarlón við verndarsvæði Breiðafjarðar að mati Náttúrufræðistofnun Íslands eru Lárvaðall, Hálsaðall, Hraunsfjörður (neðri hluti), Hraunsfjörður (efri hluti), Gilsfjörður, Hagavaðall og Haukabergsvaðall⁴. Sjávarlón eru viðkvæmt vistkerfi og geta framkvæmdir nálægt þeim haft verulega áhrif á vistkerfi þeirra.

Kortasjá Náttúrufræðistofnunar sýnir Lárvaðal sem sjávarlón og innan verndarsvæðis Breiðafjarðar þrátt fyrir svæðið sé illa teiknað inn á kortagrunninn.



Mynd 1: Náttúrufræðistofnun Ísland. Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (<https://vistgerdakort.ni.is>).

Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar skilgreinir Lárvaðal sem stöðuvatn. Breiðafjarðarnefnd telur að lög um vernd Breiðafjarðar 1995 nr. 54 ættu að taka gildi við framkvæmdasvæði út frá staðsetningu við strendur sjávarlóns. Lög um vernd Breiðafjarðar skilgreina ákveðin vernd stranda innan verndarsvæði Breiðafjarðar, sbr. 2 gr. laga um vernd Breiðafjarðar⁵.

² Hafrannsóknarstofnun. (2021). *Rannsóknir í Lárvaðli á Snæfellsnesi*. <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2021-55.pdf>, bls. 15.

³ Náttúrufræðisstofnun Íslands. (2005). *Stöðuskýrsla um náttúrufræðisráðgjafi á Breiðafirði*. <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/4145/NI-05014.pdf?sequence=1>, bls 11.

⁴ Ibid.

⁵ Lög um vernd Breiðafjarðar 1995 nr. 54. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>



BREIÐAFJARÐARNEFND

Framkvæmdir við strendur Lárvaðals ættu ekki að koma í veg fyrir því að verndunargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar breyttist til framtíðar. Lög um vernd Breiðafjarðar stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Framkvæmd á Skerðingsstöðum í núverandi mynd með 23 metra háa byggingu hefur verulega áhrif á verndunargildi landslags á svæðinu. Auk þess er fyrirhugað framkvæmdasvæði mjög nálægt menningarminjum.

Breiðafjarðarnefnd skorar á að Lárvaðall verði tekin fyrir í skipulagsmál eins og það sé hlut af Breiðafirðinum endar var vatnið sjávarlón fyrir stíflun 1965 og er enn sjávarlón eins og rannsóknir sýna. Birting Lárvaðals hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og skýrsla verkis sýna að staðan Lárvaðals er enn óljós.

Virðingarfyllt,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar